

Umhverfisráð barna 2013 - 2014

Október

Mættur á fund var Úlfahópur; Sýlvía Dröfn, Þórdís Lóa, Núi Snær, Óðinn Ingi, Jóhann Jökull, Guðjón Ágúst, Ingimundur, Nóel og Heiða

Fundurinn hófst á því að allir fengu grænfánamerkisþjald. Við ræddum um hvað grænfáninn er og skoðuðum merkinguna á bak við fánann. Einnig hvers vegna við viljum hafa grænfánann og hvað við þurfum að gera til þess. Við ákváðum að fara hring um leikskólann og skoða hvernig staðan er á flokkuninni. Við leituðum á deildunum að flokkunartunnum og skoðuðum hvort rétt væri flokkað. Einnig fórum við inn á skrifstofu og í eldhúsið og athugðum þar. Allar deildir voru duglegar að flokka en á einum stað sáum við plast í pappírfsfötu og leiðréttum það. Við vorum sammála að við erum að fylgja áherslum okkar í umhverfismennt.



